Nd. 676. **Breytingartillögur**

við frv. til laga um hallærissjóð.

Flm. Kristinn Danielsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Stofna skal allsherjarsjóð fyrir landsmenn, til að tryggja þeim hjálp í hallæri, er hlýtst af hafis, eldgosum eða öðrum stórfeldum orsökum. Sjóðurinn nefnist bjargráðasjóður.

2. 2. og 3. gr. falli burt og í stað þeirra komi tvær nýjar greinar:

2. gr.

Stofnfje bjargráðasjóðs skal vera árlegt gjald úr landssjóði er nemi 40 aurum fyrir hvern mann, sem gjaldskyldur er til ellistyrktarsjóðs.

3. gr.

Í hverju sýslu- eða bæjarfjelagi á landinu, þar sem sýslunefnd eða bæjarstjórn samþykkir það, skal hver maður, sem er fullra 20 ára greiða iðgjald í bjargráðasjóð, karlmaður 1 kr. en kvenmaður 60 aura á ári. Eindagi á gjaldinu er 15. dagur janúarmánaðar ár hvert fyrir það fardagaár sem þá er að líða.

3. Við 14. gr. Greinin falli burtu.

4. — 15. — Fyrir orðið »skal« í 1. línu komi: getur, og: gjört fyrir »gera«.